

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 9. febrúar 2006.

Efni: Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf. (401. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur það í sér Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag.

Viðskiptaráð hefur margoft látið í ljós þá skoðun að reglur um samkeppni þjóni ekki tilgangi sínum fyrr en ríki og sveitarfélög dragi úr þeim rekstri sínum sem keppir við einkaaðila og hindrar þannig aðgang að markaðinum. Þess vegna hefur Viðskiptaráð mælt fyrir því að starfsumhverfi ríkisfjölmiðlanna verði endurskoðað. Hefur ráðið einkum lagt það til að RÚV verði gert að hlutafélagi með það að markmiði að selja að minnsta kosti hluta þess.

Viðskiptaráð fagnar því að Ríkisútvarpið verði sett í nútímalegt rekstrarform, sbr. 1. másl. 1. gr. frumvarpsins. Hlutafélagiformið skerpir á hlutverki og ábyrgð stjórnenda. Þá ber að fagna því að hlutverk útvarpsins sé tilgreint í 3. gr. frumvarpsins. Mikilvægt er að félagið muni halda sinn innan þess ramma sem þar er veittur og standi ekki í samkeppni um dagskrárefni við einkarekna fjölmiðla. Viðskiptaráð telur hinsvegar að 3. gr. sé nokkuð tæmandi og telur óþarft að hafa opið ákvæði í 4. gr.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson